

8. Mæliker:		
Rúmtak 1 dl–1 l .....	Kr.	105,00
Rúmtak 10 dl–50 dl .....	—	105,00
Rúmtak vínmæla (veltim. og kúlum.) 3–6 cl .....	—	215,00
9. Rennslismælar:		
Rennslismælar fyrir olíur og bensín .....	Kr.	215,00
Bensín og olíusölumælar .....	—	180,00
10. Rennslismælar fyrir mjólk .....	Kr.	215,00
	2. gr.	
Vottorðagjald .....	Kr.	185,00

## 3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxa hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem ein klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds, ferðakostnaður og iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi 15. febrúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 482/1985.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. janúar 1987.*

**Jón Helgason.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.**

## 1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skadlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslum, Strandasýslu, á Akranesi, í Ólafsvík, á Ísafirði og í Bolungarvík. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafríðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskráirnefnd til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok

desembermánaðar þessa árs skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1987.

*Menntamálaráðuneytinu, 8. janúar 1987.*

F. h. r.

**Knútur Hallsson.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

## GJALDSKRÁ

**vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1987.**

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 3 600, fyrir árið 1987. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar 1987. Eindagi er 1. febrúar 1987.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum sbr. 2. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 1 000 í fyrsta skipti, kr. 2 000 í annað skipti og kr. 3 000 í þriðja skipti og oftar.

3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. janúar 1987.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Magnúsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vinnumiðlun nr. 129/1986.**

1. gr.

Við staflið b) í 4. gr. bætist:

Kolbeinsstaðahreppur

Eyjarhreppur

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 18/1985 um vinnumiðlun, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 23. janúar 1987.*

F.h.r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Óskar Hallgrímsson.*